Fyllsta trúnaðar var gætt á öllum stigum rannsóknarinnar og upplýsingum haldið aðskildum milli SKÝRR (samkeyrslur kennitalna), Já.is (símanúmer), Miðlunar (úthringingar) og Rannsóknna & greiningar (úrvinnsla) og því var engin leið að rekja svör til einstaklinga. Gögnin sem skýrsla þessi er unnin úr endurspegla svör þeirra einstaklinga sem eru á framhaldsskólaaldri en sækja ekki nám við hefðbundna framhaldsskóla vorið 2009.

Samantekt

Hér á eftir verða reifaðar niðurstöður rannsóknar sem gerð var á aðstæðum íslenskra ungmenna á aldrinum 16 – 20 ára og standa utan hefðbundinna framhaldsskóla. Niðurstöðurnar voru unnar á þann hátt að bornir voru saman þrjú hópar ungmenna; 1) *þau sem segjast aðallega vera í námi*, 2) *ungmenni sem segjast aðallega vera í vinnu*, og 3) *ungmenni sem segjast vera atvinnulaus*. Hópunum þremur var einnig skipt eftir aldri, þ.e. yngri en 18 ára og 18 ára og eldri og þar sem verulegur munur var á kynjum voru niðurstöður greindar eftir kyni*. Alls tóku 370 drengir og 405 stúlkur þátt í könnunni. Niðurstöður leiða í ljós að hagir og líðan ungmenna 16 til 20 ára sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus eru síðri en þeirra ungmenna sem segjast vera aðallega í námi. Í ákveðnum tilfellum voru niðurstöður einnig bornar saman við þann hóp ungmenna sem stundar nám við hefðbundna framhaldsskóla (rannsóknin Ungt fólk 2007 meðal framhaldsskólanema) og lúta m.a. að vímuefnanotkun, sjálfsmynd og líðan ásamt ástundun íþróttar og líkamsræktar. Áhugavert er að niðurstöður sem snerta ungmenni sem eru í einhvers konar námi, utan hefðbundins framhaldsskóla, eru á margan hátt sambærilegar niðurstöðum úr áður nefndri rannsókn meðal ungmenna í framhaldsskólum árið 2007. Vísa þær til þess að hagir og líðan ungmenna 16 til 20 ára sem stunda eitthvað nám, innan eða utan hefðbundinna framhaldsskóla, séu sambærileg og betri en þeirra sem ekkert nám stunda, vinna eða eru atvinnulaus. Þó ber að hafa varann á í slíkum samanburði milli rannsókna yfir tíma. Niðurstöður benda þó til að allt nám hafi jákvæð áhrif á ungmenni, sama hvort það er nám í framhaldsskólum eða sérskólum á framhaldsskólastigi.

Rannsóknin leiðir í ljós að tengsl ungmenna sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus, við fjölskyldu sína, eru veikari en þeirra sem eru í skóla og þau virðast frekar upplifa skort á stuðningi frá foreldrum sínum. Einnig virðast ungmenni í vinnu eða án telja sig eiga erfiðara með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum en þau ungmenni sem eru aðallega í námi. Foreldrar virðast líka frekar fylgjast með því hvar og með hverjum þau ungmenni eru sem eru í námi. Rannsóknir Rannsókna & greiningar hafa áður leitt í ljós að stuðningur foreldra, eftirlit og aðhald er veigamikill þáttur í því að tryggja almenna velferð barna og ungmenna.

Rannsóknin nú sýnir einnig að þau ungmenni sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus eru líklegri en þau sem eru aðallega í námi, til að hafa lakara sjálfstraust. Þessi ungmenni

* Sjá töflu tvö, bls 28

virðast frekar upplifa það að hafa engan til að tala við, vera einmana, eiga erfitt með eignast vini, upplifa sig misheppnuð, finnast þau einskis nýt o.fl. Rannsóknin leiðir einnig í ljós að þau ungmenni sem eru aðallega að vinna eða atvinnulaus, virðast líklegri en þau sem eru aðallega í námi til að finna til ýmissa þunglyndiseinkenna á borð við að bresta auðveldlega í grát eða langa til að gráta, vera niðurdregin eða döpur, ekki spennt fyrir að gera neitt, finnast framtíðin vonlaus og hafa hugleitt sjálfsvíg. Margt af þessu á sérstaklega við um ungmenni sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus. Einnig er vert að benda á að þau ungmenni sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus eru líklegri en önnur ungmenni til að upplifa það að finnast allir hafa brugðist sér. Þau ungmenni sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus, virðast jafnframt telja andlega og líkamlega heilsu sína lakari en þau ungmenni sem eru í námi.

Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós mikilvægi skipulagðs íþrótta- og tómsundastarfs. Í þessarri rannsókn kemur fram að þau ungmenni sem eru í námi virðast frekar en þau sem eru í vinnu eða atvinnulaus taka þátt í skipulögðu íþrótta-, æskulýðs-, félags- og tómsundastarfi. Þau ungmenni sem eru atvinnulaus virðast einnig síst stunda íþróttir eða líkamsrækt. Enn fremur eru atvinnulaus ungmenni ólíklegri en aðrir til að æfa eða keppa með íþróttafélagi.

Þá leiðir rannsóknin í ljós að þau ungmenni sem eru í vinnu eða atvinnulaus reykja frekar en þau sem eru aðallega í námi. Niðurstöður úr rannsókninni Ungt fólk 2007 meðal framhaldsskólanema sýna að heldur dró úr hlutfalli stráka og stelpna sem sögðust reykja sígarettur daglega, frá 2000 til 2007. Í rannsókninni nú sýna niðurstöður sem snúa að áfengisneyslu ungmenna að ungmenni yngri en 18 ára og í námi verða sjaldnar drukkin en þau sem eru í vinnu eða atvinnulaus. Jafnframt má sjá að ungmenni sem eru í vinnu eða atvinnulaus eru mun líklegri en þau sem eru í námi til þess að hafa notað ólögleg fíkniefni á borð við hass, marijúana og amfetamín sem og að hafa farið í meðferð vegna áfengis-og/eða vímuefnanotkunar.


Þessar niðurstöður eru þýðingarmiklar fyrir stjórnvöld, stofnanir, félög, félagasamtök og aðra þá sem móta og framkvæma stefnu í málefnum ungs fólks á Íslandi. Ljóst er að ákveðinn hópur ungmenna nær ekki að festa rætur í framhaldsskólum og vísbendingar eru um að þessi hópur ungmenna eigi einnig erfitt uppdráttar á vinnumarkaðinum. Í desember 2009 voru 537 ungmenni á aldrinum 16-19 ára skráð atvinnulaus samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar og um 2700 ungmenni á aldrinum 16-24 ára*. Það er því afar mikilvægt

* Tölur fengnar af vef Vinnumálastofnunar : <http://vinnumalastofnun.is/utgefid-efni-og-talnaefni/tolulegar-upplýsingar/> fjöldi í lok mánaðar.

að beina sjónum að þeim hópi ungmenna sem er atvinnulaus til að koma í veg fyrir að þau verði óvirkir samfélagsþegnar. Brottfall úr framhaldsskólum hefur verið svipað milli ára undanfarin ár (mynd 1) og ungmenni hafa því sótt út á vinnumarkaðinn í staðinn. Eins og staðan er í samfélaginu í dag, þá er litla vinnu að fá og mikil hætta á að ungmennin sitji uppi aðgerðarlaus. Það er því þörf á að skoða alla þessa þætti í samhengi og ekki síst með tilliti til aðstæðna í samfélaginu.

Tafla 2. Hlutfall stráka og stelpna, eftir aldri og fjölda í hópunum þremur (aðallega í námi, aðallega í vinnu og atvinnulausir).

	Yngri en 18 ára		
	Strákar	Stelpur	Heild
Aðallega í námi	56,8% (54)	47,8% (64)	51,5% (118)
Aðallega í vinnu	21,1% (20)	28,4% (38)	25,3% (58)
Atvinnulaus	22,1% (21)	23,9% (32)	23,1% (53)
	18 ára og eldri		
	Strákar	Stelpur	Heild
Aðallega í námi	24,9% (56)	28,2% (68)	26,6% (124)
Aðallega í vinnu	52,0% (117)	50,2% (121)	51,1% (238)
Atvinnulaus	23,1% (52)	21,6% (52)	22,3% (104)
Utan hópa			10,4% (81)




Mynd 1. Hlutfallsleg skólasókn árganga að hausti, 2000-2008¹.

Mynd eitt sýnir hlutfall nemenda sem hefur nám á hverju aldursári í framhaldsskólum. Til dæmis sést að árið 2005 voru 94% 16 ára fæðingarárgangs skráð í nám að hausti. Ári seinna, haustið 2006 voru 85% sama árgangs (þá 17 ára) skráðir í slíkt nám í framhaldsskólum. Loks má sjá að um 69% árgangsins eru enn skráð í nám árið 2008, þá 19 ára gömul.

¹ Vefur Hagstofu Íslands, hagtölur/skólamál/framhaldsskólar : <http://www.hagstofa.is>

Eftirlit foreldra


Á myndum 2-5 má sjá tengsl stráka og stelpna sem standa utan framhaldsskóla* við foreldra sína. Mynd 2 sýnir hlutfall stráka og stelpna sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra setji reglur um hvað þau megi gera utan heimilis. Ef litið er til þeirra ungmenna sem eru í námi, má sjá að 67% stráka, yngri en 18 ára, segja að slíkar reglur eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 58% stelpna. Nokkur munur er milli eldri og yngri aldurshópanna meðal þeirra sem eru aðallega í námi. Í hópi 18 ára og eldri stráka, má sjá að 27% þeirra segja að slíkar reglur eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 19% stelpna. Ef litið er til atvinnulausra, þá segja 24% stráka, yngri en 18 ára, að slíkar reglur eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 14% stráka sem eru 18 ára og eldri. Í hópi atvinnulausra stelpna, má sjá að 25% þeirra sem eru yngri en 18 ára segja að slíkar reglur eigi mjög eða frekar vel við um þær, en 10% þeirra sem eldri eru.



Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis.


* Þegar vitnað er í framhaldsskóla í þessari skýrslu er vísað til hefðbundinna framhaldsskóla undir mennta- og menningarmálaráðuneyti þ.m.t. Verslunarskóla Íslands og Menntaskólanum Hraðbraut. Hinsvegar má ætla að stór hluti þátttakenda sem segist aðallega vera í námi í þessari rannsókn stundi nám við sérskóla á framhaldsskólastigi s.s. kvikmyndaskóla, símenntun hvers konar, tónlistaskóla, dansskóla o.fl.

Á mynd 3 má sjá hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því, með hverjum þau eru á kvöldin. Ef litið er til þeirra ungmenna sem eru í námi, má sjá að 80% stráka, yngri en 18 ára, segja að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 83% stelpna. Talsverður munur er milli eldri og yngri aldurshópanna meðal þeirra sem segjast vera aðallega í námi. Í hópi 18 ára og eldri stráka, má sjá að 41% þeirra segja að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 38% stelpna. Ef litið er til þeirra ungmenna sem eru atvinnulaus, þá segja 33% stráka, yngri en 18 ára, að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 19% stráka sem eru 18 ára og eldri. Í hópi atvinnulausra stelpna, má sjá að 28% þeirra sem eru yngri en 18 ára segja að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þær, en 15% þeirra sem eldri eru.




Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin.

Á mynd 4 má sjá hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin. Ef litið er til þeirra ungmenna sem eru aðallega í námi, má sjá að 80% stráka, yngri en 18 ára, segja að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 78% stelpna. Talsverður munur er milli eldri og yngri aldurshópanna, meðal þeirra sem segjast aðallega vera í námi. Í hópi 18 ára og eldri stráka, má sjá að 52% þeirra segja að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 46% stelpna. Ef litið er til þeirra ungmenna sem eru atvinnulaus, þá segja 33% stráka, yngri en 18 ára, að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þá, en 25% stráka, sem eru 18 ára og eldri. Í hópi atvinnulausra stelpna, má sjá að 41% þeirra sem eru yngri en 18 ára segja að slíkt eftirlit eigi mjög eða frekar vel við um þær, en 23% þeirra sem eldri eru.




Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra viti hvar þau eru á kvöldin.

Á mynd 5 má sjá hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra þekki vini/vinkonur þeirra. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast foreldrar þeirra ungmenna sem segjast vera aðallega í námi, þekkja vini/vinkonur þeirra einna best, ef horft er til hópanna þriggja. Ef litið er til stráka, yngri en 18 ára má sjá að 82% þeirra svara þessu til en 89% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna, sem eru aðallega í námi, má sjá að 97% þeirra sem eru yngri en 18 ára segja að þetta eigi við um sig, en 87% þeirra sem eldri eru.



Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra þekki vini/vinkonur þeirra.

Á mynd 6 má sjá hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja að foreldrar þeirra viti oft eða nær alltaf hvar þau eru á laugardagskvöldum. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast foreldrar þeirra ungmenna sem segjast vera aðallega í námi, fylgjast einna best með því hvar ungmennin eru á laugardagskvöldum. Ef litið er til stráka yngri en 18 ára, má sjá að 93% þeirra svara þessu til, en 69% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna sem eru aðallega í námi, má sjá að 81% þeirra sem eru yngri en 18 ára segja að þetta eigi við um sig, en 77% þeirra sem eldri eru. Kynjamunur þessa hóps er áhugaverður í ljósi þess að strákar yngri en 18 ára virðast telja eftirlit foreldra sinna heldur meira en stelpna. Eftirlit foreldra virðist jafnframt vera meira meðal þeirra ungmenna sem eru aðallega í vinnu, en meðal þeirra sem eru atvinnulaus og á það við um báða aldurshópana.




Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna á landsvísu sem segja að foreldrar þeirra viti oft eða nær alltaf hvar þau eru á laugardagskvöldum.

Sjálfsmynd og líðan

Á myndum 7-27 má sjá niðurstöður á þáttum sem snúa að sjálfsmynd og líðan þeirra ungmenna sem standa utan framhaldsskólans.


Mynd 7 sýnir hlutfall ungmenna á landsvísu sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um þau að hafa engan til að tala við. Eins og myndin sýnir þá segjast um 3% ungmenna yngri en 18 ára sem eru aðallega í námi, þetta eiga við um sig, en um 6% þeirra sem eldri eru. Ef horft er til hópsins sem segist aðallega vera í vinnu, þá segjast um 12% þeirra sem eru yngri en 18 ára þetta eiga við um sig, en 10% þeirra sem eldri eru. Meðal atvinnulausra ungmenna, þá segjast um 21% þeirra sem yngri eru, það eiga frekar eða mjög vel við um sig að hafa engan til að tala við, en um 13% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Í rannsókninni Ungt fólk 2007* sem gerð var meðal framhaldsskólanema á öllu landinu segja um 4% ungmenna þetta eiga frekar eða mjög vel við um þau. eru það sambærilegar niðurstöður og fyrir ungmenni sem segjast aðallega vera í námi í rannsókninni núna.



Mynd 7. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um þau að hafa engan til að tala við.

* Úr gögnum Ungt fólk 2007, Rannsóknir & greining


Á mynd 8 má sjá hlutfall ungmenna sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um þau, að vera einmana. Ef hópur þeirra sem er í námi er skoðaður, þá segja um 9% ungmenna yngri en 18 ára það eiga við um sig, en um 14% þeirra sem eldri eru. Meðal þeirra sem eru í vinnu, þá segja um 17% ungmenna þetta eiga við um sig og er það óháð aldri. Um 26% atvinnulausra ungmenna, yngri en 18 ára telja að það eigi frekar eða mjög vel við um þau að vera einmana, en um 21% þeirra sem eldri eru. Í rannsókninni Ungt fólk 2007 sem gerð var meðal framhaldsskólanema sögðu um 9% ungmenna, yngri en 18 ára að það ætti frekar eða mjög vel við um þau að vera einmana, sem er sama hlutfall og meðal ungmenna í námi í rannsókninni nú. Um 10% ungmenna 18 ára og eldri í framhaldsskólarannsókninni 2007 sögðu að þetta ætti við um þau og er það lægra hlutfall en meðal sama aldurshóps í námi í rannsókninni nú (14%).



Mynd 8. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um þau að vera einmana.

Mynd 9 sýnir hlutfall þeirra ungmenna á landsvísu sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að eiga engan góðan vin. Eins og myndin sýnir þá koma hóparnir þrír afar svipað út, en um 7-9% ungmenna í öllum hópum svara þessu til.


Í rannsókninni Ungt fólk 2007 meðal ungmenna í framhaldsskóla, þá sögðu um 4% þeirra að það ætti mjög eða frekar vel við um þau að eiga engan góðan vin.



Mynd 9. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að eiga engan góðan vin.


Mynd 10 sýnir hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að eiga erfitt með að eignast vini. Eins og myndin gefur til kynna þá eru um 9% ungmenna, yngri en 18 ára og aðallega í námi, sem telja þetta eiga við um sig, en um 14% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Um 17% ungmenna sem eru aðallega í vinnu telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að eiga erfitt með að eignast vini og er það óháð aldri. Ef litið er til atvinnulausra ungmenna má sjá að um 26% þeirra sem eru yngri en 18 ára telja þetta eiga við um sig en um 21% þeirra sem eldri eru.

Í rannsókninni Ungt fólk 2007 meðal framhaldsskóla kom fram að um 13% ungmenna yngri en 18 ára segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að eiga erfitt með að eignast vini, en um 15% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Þetta er enn ein vísbendingin um að líkt sé komið á með ungmennum hvort heldur þau stunda nám við hefðbundinn framhaldsskóla eða sérskóla á framhaldsskólastigi.



Mynd 10. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að eiga erfitt með að eignast vini.


Mynd 11 sýnir hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að vera misheppnuð. Ef horft er til hópsins sem segist aðallega vera í námi og jafnframt yngri en 18 ára þá segja um 20% þeirra þetta eiga við um þau, en um 19% þeirra sem eldri eru. Um 29% ungmenna sem eru aðallega í vinnu og yngri en 18 ára, telja þetta eiga við um sig, en 28% þeirra sem eldri eru. Rúmlega 40% atvinnulausra ungmenna telja sig misheppnuð í hópi þeirra sem eru yngri en 18 ára, en um 32% þeirra sem eldri eru.



Mynd 11. Hlutfall ungmenna sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að: „þegar allt kemur til alls sýnist mér ég vera misheppnuð/misheppnaður”.

Á mynd 12 má sjá hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að ekki sé margt sem þau geti verið stolt af. Ef horft er til hópsins, yngri en 18 ára og aðallega í námi, má sjá að 23% þeirra svara þessu til en 22% þeirra sem eldri eru. Um 47% ungmenna sem eru aðallega í vinnu, telja að þetta eigi við um þau, en um 37% þeirra sem eldri eru. Meðal atvinnulausra ungmenna, eru 45% þeirra sem eru yngri en 18 ára sem telja að þetta eigi við um þau, en 48% þeirra sem eldri eru.


Í rannsókninni Ungt fólk 2007 sem gerð var meðal framhaldsskólanema þá segjast um 27% ungmenna, yngri en 18, ára það eiga mjög eða frekar vel við um þau að finnast ekki margt sem þau geti verið stolt af. Í hópi þeirra sem eru 18 ára og eldri þá svara um 24% ungmenna þessu til. Það voru því ívið fleiri ungmenni í framhaldsskólarannsókn árið 2007 sem sögðu þetta eiga við um þau, en þau ungmenni sem eru aðallega í námi í rannsókninni nú.



Mynd 12. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau „að finnast ekki vera margt sem ég get verið stolt(ur) af.”

Á mynd 13 má sjá hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að vera ánægð með sjálf sig. Um 83% ungmenna sem eru aðallega í námi svara þessu til og er það óháð aldri. Ef litið er til ungmenna sem eru aðallega í vinnu, þá segjast um 69% þeirra sem eru yngri en 18 ára vera mjög eða nokkuð ánægðr með sjálf sig, en 73% þeirra sem eldri eru. Meðal atvinnulausra ungmenna, þá segja um 68% þetta eiga við um sig, en um 65% þeirra sem eldri eru.


Í rannsókninni Ungt fólk sem gerð var meðal framhaldsskólanema árið 2007 kemur fram að um 85% ungmenna yngri en 18 ára og um 86% ungmenna 18 ára og eldri svöruðu því til að þegar allt kæmi til alls þá væru þau mjög eða frekar ánægð með sjálf sig. Er þetta nánast sama hlutfall og meðal þeirra ungmenna sem eru aðallega í námi (83%).



Mynd 13. Hlutfall ungmenna sem telja eiga það mjög eða frekar vel við um þau að „þegar allt kemur til alls er ég ánægð(ur) með sjálfa(n) mig.“


Á mynd 14 má sjá hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að þau vildu óska að þau bæru meiri virðingu fyrir sjálfum sér. Um 39% ungmenna, yngri en 18 ára og aðallega í námi svara þessu en um 41% þeirra sem eldri eru. Meðal þeirra ungmenna sem eru aðallega í vinnu og ungmenna sem eru atvinnulaus, telja 48-55% þetta eiga við um sig.

Í rannsókninni Ungt fólk sem gerð var meðal framhaldsskólanema árið 2007 kemur fram að um 42% ungmenna yngri en 18 ára og um 44% ungmenna 18 ára og eldri svöruðu því til að þau vildu óska að þau bæru meiri virðingu fyrir sjálfum sér. Er þetta örlítið hærra hlutfall en meðal þeirra ungmenna sem eru aðallega í námi.




Mynd 14. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau „að ég vildi óska að ég bæri meiri virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér.“

Á mynd 15 má sjá hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að finnast þau stundum sannarlega vera einskis nýt. Eins og myndin sýnir þá segjast um 19% ungmenna sem eru aðallega í námi þetta eiga við um sig og er það óháð kyni. Meðal þeirra sem eru aðallega í vinnu, þá svara um 35% þeirra sem eru yngri en 18 ára þessu til, en um 27% þeirra sem eldri eru. Meðal þeirra ungmenna sem eru atvinnulaus, þá telja um 49% þeirra sem eru yngri en 18 ára, þetta eiga við um sig en um 39% þeirra sem eldri eru.




Mynd 15. Hlutfall ungmenna sem telja það eiga mjög eða frekar vel við um þau að „stundum finnast mér ég sannarlega vera einskis nýt(ur).”

Mynd 16 sýnir ungmenni sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að gráta auðveldlega eða langa til að gráta. Ef horft er til þeirra ungmenna sem eru aðallega í námi og yngri en 18 ára þá telja um 4% þeirra sig oft hafa upplifað slíkt, en um 10% þeirra sem eldri eru. Um 14% ungmenna sem eru aðallega í vinnu og yngri en 18 ára telja þetta eiga við um sig en um 10% þeirra sem eldri eru. Meðal ungmenna, yngri en 18 ára í hópi atvinnulausra, þá svara um 25% þeirra þessu til en 15% þeirra sem eldri eru.




Mynd 16. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að gráta auðveldlega eða langa til að gráta síðastliðna viku.

Mynd 17 sýnir hlutfall ungmenna sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að vera niðurdregin eða döpur. Eins og myndin sýnir þá segja um 5% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi þetta eiga við um sig, en um 8% þeirra sem eldri eru. Um 12% ungmenna sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu svara þessu til, en um 11% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra má sjá að um 26% ungmenna í yngri hópnum segjast oft hafa upplifað það að vera niðurdregin eða döpur, en um 17% þeirra sem eldri eru.



Mynd 17. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að vera niðurdregin/n eða döpur/dapur síðastliðna viku.


Á mynd 18 má sjá hlutfall ungmenna sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að hafa ekki verið spennt fyrir að gera nokkurn skapaðan hlut. Eins og myndin sýnir þá segja um 4% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi þetta eiga við um sig, en um 8% þeirra sem eldri eru. Um 14% ungmenna sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu svara þessu til, en um 10% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra má sjá að um 28% ungmenna í yngri hópnum segjast oft hafa upplifað það að vera ekki spennt fyrir að gera nokkurn skapaðan hlut, en um 16% þeirra sem eldri eru.



Mynd 18. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja sig oft upplifa það að vera síðastliðna viku ekki spennt/ur fyrir að gera nokkurn skapaðan hlut.

Á mynd 19 má sjá hlutfall ungmenna sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að finnast framtíðin vonlaus. Eins og myndin sýnir þá segja um 4% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi þetta eiga við um sig en um 8% þeirra sem eldri eru. Um 17% ungmenna sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu svara þessu til en um 14% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra má sjá að um 36% ungmenna í yngri hópnum segjast oft hafa upplifað það að finnast framtíðin vonlaus en um 19% þeirra sem eldri eru.


Í rannsókninni Ungt fólk 2007 sem gerð var meðal framhaldsskólanema þá sögðust um 3% nemenda upplifa það oft að finnast framtíðin vonlaus. Það er heldur lægra hlutfall en niðurstöður könnunarinnar segja til um meðal þeirra ungmenna sem segjast aðallega vera í námi (4-8%). Hinsvegar ber að athuga að rannsóknin nú fór fram árið 2009 eða um hálfu ári eftir efnahagshrunið og getur það haft áhrif á svörun ungs fólks nú.



Mynd 19. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem telja sig oft upplifa síðastliðna viku að finnast framtíðin vonlaus.


Á mynd 20 má sjá hlutfall ungmenna sem síðastliðna viku hafa oft upplifað það að hugsa um að stytta sér aldur. Eins og myndin sýnir þá segja um 2% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi þetta eiga við um sig en um 1% þeirra sem eldri eru. Um 5% ungmenna sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu svara þessu til en um 2% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra má sjá að um 9% ungmenna í yngri hópnum segjast oft hafa upplifað það að hugsa um að stytta sér aldur, en um 6% þeirra sem eldri eru.

Í rannsókninni Ungt fólk sem gerð var meðal framhaldsskólanema árið 2007, sögðust um 2% ungmenna, yngri en 18 ára, hafa oft upplifað það að hugsa um að stytta sér aldur. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og meðal þeirra sem eru aðallega í námi nú og tilheyra sama aldurshópi. Um 1% framhaldsskólanema sem voru 18 ára og eldri 2007 svöruðu þessu til og er það sama hlutfall og sést meðal þeirra ungmenna sem segjast aðallega vera í námi í rannsókninni nú.




Mynd 20. Hlutfall ungmenna sem telja sig oft hafa upplifað það síðastliðna viku að hugsa um að stytta sér aldur.

Á mynd 21 má sjá hlutfall ungmenna sem síðastliðna viku hafa oft upplifað að líða eins og allir hefðu brugðist þeim. Eins og myndin sýnir þá segja um 3% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi þetta eiga við um sig en um 5% þeirra sem eldri eru. Um 5% ungmenna sem eru aðallega í vinnu svara þessu til og á það við um báða aldurshópana. Í hópi atvinnulausra má sjá að um 23% ungmenna í yngri hópnum segjast oft hafa upplifað það að allir hefðu brugðist sér, en um 13% þeirra sem eldri eru.



Mynd 21. Hlutfall ungmenna sem telja sig oft hafa upplifað það síðastliðna viku að líða eins og allir hefðu brugðist sér.


Mynd 22 sýnir hlutfall ungmenna sem meta andlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Meðal þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi meta um 20% heilsu sína þannig en um 18% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu meta um 41% þeirra heilsu sína sæmilega eða lélega en um 38% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra ungmenna meta um 62% ungmenna í yngri hópnum andlega heilsu sína á þennan hátt en um 48% í eldri hópnum. Í rannsókn sem gerð var meðal ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 kom fram að um 19% ungmenna, yngri en 18 ára mátu andlega heilsu sína á þennan hátt, sem er mjög sambærilegt þeim niðurstöðum sem fást fyrir hópinn sem er í námi í rannsókninni nú (20%). Meðal þeirra sem eldri voru þá mátu um 22% ungmenna í framhaldsskóla árið 2007*, andlega heilsu sína á þennan hátt og er það um fjórum prósentustigum hærra en meðal ungmenna sem eru aðallega í námi í rannsókninni nú.



Mynd 22. Hlutfall ungmenna sem meta andlega heilsu sína sæmilega eða lélega.


* Úr gögnum Rannsókna og greiningar frá árinu 2007

Mynd 23 sýnir hlutfall ungmenna sem meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Meðal þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi meta um 19% líkamlega heilsu sína þannig, en um 20% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu, meta um 40% heilsu sína sæmilega eða lélega en um 38% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra ungmenna meta um 47% ungmenna í yngri hópnum líkamlega heilsu sína á þennan hátt en um 45% í eldri hópnum. Í rannsókninni Ungt fólk sem gerð var meðal framhaldsskólanema á Íslandi árið 2007 kom fram að um 21-22% ungmenna mátu líkamlega heilsu sína á sæmilega eða lélega. Niðurstöðurnar eru nokkuð sambærilegar þeim sem fengust meðal nemenda sem segjast aðallega vera í námi í rannsókninni nú en þar er hlutfallsleg svörun á bilinu 19-20%.




Mynd 23. Hlutfall ungmenna sem meta líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega.

Á mynd 24 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast hafa leitað til geðlæknis vegna persónulegra málefna, einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði. Eins og myndin sýnir þá segjast um 3% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi hafa leitað til geðlæknis þetta oft en um 10% ungmenna sem eru eldri en 18 ára. Meðal þeirra ungmenna sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu, segjast um 16% þeirra hafa leitað til geðlæknis þetta oft en um 8% þeirra sem eldri eru. Um 26% atvinnulausra ungmenna yngri en 18 ára segjast hafa leitað til geðlæknis einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði en um 15% þeirra sem eru 18 ára og eldri.




Mynd 24. Hlutfall ungmenna á landsvísi sem segjast hafa leitað til geðlæknis vegna persónulegra málefna einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði.

Mynd 25 sýnir hlutfall ungmenna sem hafa leitað til sálfræðings vegna persónulegra málefna einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði. Eins og myndin sýnir þá segjast um 10% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi hafa leitað til sálfræðings þetta oft, en um 15% ungmenna sem eru eldri en 18 ára. Meðal þeirra ungmenna sem eru yngri en 18 ára og aðallega í vinnu, segjast um 41% hafa leitað til sálfræðings þetta oft, en um 19% þeirra sem eldri eru. Um 38% atvinnulausra ungmenna yngri en 18 ára segjast hafa leitað til sálfræðings einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði en um 22% þeirra sem eru 18 ára og eldri.



Mynd 25. Hlutfall ungmenna sem segjast hafa leitað til sálfræðings vegna persónulegra málefna einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði.


Á mynd 26 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast hafa leitað til læknis annarra en geðlækna vegna persónulegra málefna, einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði. Eins og myndin sýnir þá segjast um 48% yngri hóps þeirra sem aðallega eru í námi hafa leitað til læknis þetta oft en 61% þeirra sem eldri eru. Meðal ungmenna sem aðallega eru í vinnu segjast um 64% yngri hópsins hafa leitað til læknis þetta oft, en 58% þeirra sem eldri eru. Meðal atvinnulausra ungmenna yngri en 18 ára segjast um 40% hafa leitað til læknis þetta oft en um 58% ungmenna sem eru 18 ára og eldri.



Mynd 26. Hlutfall ungmenna sem segjast hafa leitað til læknis annarra en geðlækna vegna persónulegra málefna einu sinni eða oftár undanfarna 12 mánuði.

Mynd 27 sýnir hlutfall stráka og stelpna sem segja að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Eins og myndin gefur til kynna þá svara um 2% ungmenna sem eru aðallega í námi þessu til og er það óháð kyni. Í hópi eldri ungmenna, sem eru aðallega í námi, svara um 5-7% þeirra þessu til. Meðal ungmenna sem eru aðallega í vinnu þá svara um 15% stráka, sem eru yngri en 18 ára þessu til, en um 11% stelpna í sama aldurshópi. Með atvinnulausra ungmenna þá segja um 14% stráka yngri en 18 ára, að þetta eigi við um þá en um 9% stelpna. Meðal þeirra sem eldri eru þá er áhugaverður kynjamunur, en þar svara um 8% atvinnulausra stráka þessu til en um 17% stelpna. Á þessum niðurstöðum má sjá að þau ungmenni sem eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus virðast frekar eiga mjög eða frekar erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum en þau ungmenni sem eru aðallega í námi.

Í rannsókninni Ungt fólk sem gerð var meðal framhaldsskólanema árið 2007 kom fram að um 5% ungmenna sögðust eiga mjög eða frekar erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Er sú niðurstaða svipuð og meðal eldri ungmenna sem eru aðallega í námi í rannsókninni nú. Meðal yngri ungmenna sem eru aðallega í námi þá eru ívið færri ungmenni sem segja að þetta eigi við um þau (2%) en meðal þeirra sem voru í framhaldsskóla árið 2007 (5%).




Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna sem segja að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum


Skipulagt íþrótt-, félags- og tómstundastarf

Á myndum 28-33 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi.

Á mynd 28 sést hlutfall ungmenna sem segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Eins og myndin sýnir þá eru 31% ungmenna aðallega í námi og yngri en 18 ára sem taka þátt þetta oft, en 34% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Af þeim sem eru aðallega í vinnu, segjast 14% sem eru yngri en 18 ára taka þátt þetta oft, en 18% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra, segjast 6% þeirra sem eru yngri en 18 ára taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi, einu sinni til þrisvar sinnum í viku, en 18% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Af þessu má sjá að hlutfallslega er mest þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi sem aðallegar eru í námi. Í hópi atvinnulausra virðist slík ástundun síður eiga við.



Mynd 28. Hlutfall ungmenna sem taka segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi einu sinni til þrisvar sinnum í viku.




Mynd 29. Hlutfall ungmenna á landsvísu sem taka segjast taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi fjórum sinnum í viku eða oftar.


Á mynd 30 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Eins og sést á myndinni þá segjast 48% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í námi stunda íþróttir eða líkamsrækt þetta oft, en 34% þeirra sem eldri eru. Um 44% ungmenna yngri en 18 ára og aðallega í vinnu, segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt þetta oft, en um 33% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Í hópi atvinnulausra ungmenna segjast um 31% þeirra stunda íþróttir eða líkamsrækt þetta oft og er það óháð aldri.

Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að þau ungmenni sem segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt einu sinni til þrisvar sinnum í viku, er helst sá hópur sem er í námi. Munurinn er þó ekki ýkja mikill, þegar horft er til hóps þeirra ungmenna sem segjast aðallega vera í vinnu. Í hópi atvinnulausra virðist þó slík ástundun síður eiga við.

Á mynd 31 kemur einnig fram að þeir sem segjast aðallega vera í námi stunda mun oftari íþróttir eða líkamsrækt en þeir sem eru í vinnu eða atvinnulausir. Þannig stunda 41% til 44% þeirra sem aðallega eru í námi íþróttir fjórum sinnum eða oftari í viku en aðeins 17 til 18% þeirra sem eru atvinnulaus. Af þeim sem eru aðallega í vinnu stunda 18-20% íþróttir eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftari.




Mynd 30. Hlutfall ungmenna sem taka segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt einu sinni til þrisvar sinnum í viku.




Mynd 31. Hlutfall ungmenna sem taka segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt fjórum sinnum í viku eða oftar.

Á mynd 32, má sjá hlutfall ungmenna sem segjast æfa eða keppa með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku. Um 10% ungmenna sem aðallega eru í námi og yngri en 18 ára, segjast æfa eða keppa með íþróttafélagi þetta oft, en um 13% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Af þeim sem eru aðallega í vinnu, segjast um 9% ungmenna sem eru yngri en 18 ára æfa eða keppa með íþróttafélagi þetta oft, en 8% þeirra sem eldri eru. Meðal þeirra ungmenna sem eru atvinnulaus, gefur ekkert þeirra í hópi yngri en 18 ára slíka ástundun upp, en um 3% þeirra sem eru 18 ára og eldri.



Mynd 32. Hlutfall ungmenna sem segjast æfa eða keppa með íþróttafélagi einu sinni til þrisvar sinnum í viku.




Mynd 33. Hlutfall ungmenna sem taka segjast æfa eða keppa með íþróttafélagi fjórum sinnum í viku eða oftar.

Félagslíf


Á myndum 34-40 má sjá niðurstöður úr spurningum tengdum félagslífi ungmennanna, greindar eftir aldri.

Á mynd 34 má sjá hlutfall þeirra sem segjast fara á kaffihús, einu sinni í mánuði eða oft. Um 21% þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi segjast fara á kaffihús þetta oft, en um 26% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem segjast aðallega vera í vinnu, svara um 19% þeirra sem eru yngri en 18 ára því til að fara á kaffihús þetta oft, en um 24% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra segjast um 28% þeirra sem eru yngri en 18 ára fara á kaffihús þetta oft, en um 31% þeirra sem eldri eru. Af þessu má sjá að þeir sem segjast fara á kaffihús einu sinni í mánuði eða oft, tilheyra flestir hópi atvinnulausra.




Mynd 34. Hlutfall ungmenna sem segjast fara einu sinni eða oft í mánuði á kaffihús.

Á mynd 35 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast fara í party, einu sinni í viku eða oftar. Um 9% þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi segjast fara í party þetta oft, en um 24% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem segjast aðallega vera í vinnu, svara um 18% þeirra sem eru yngri en 18 ára því til að fara í party þetta oft, en um 15% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra segjast um 29% yngri en 18 ára fara í party þetta oft en um 18% í eldri hópnum. Af þessu má sjá að þeir sem segjast fara í party einu sinni í mánuði eða oftar, tilheyra flestir hópi einstaklinga sem eru atvinnulausir og er það óháð aldri.




Mynd 35. Hlutfall ungmenna sem segjast fara í party einu sinni í viku eða oftar.

Á mynd 36 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast fara í leikhús, einu sinni á ári eða oft. Um 68% þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi segjast fara í leikhús þetta oft en um 58% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem segjast aðallega vera í vinnu, svara um 40% þeirra sem yngri eru þessu til en 41% þeirra eldri eru. Í hópi atvinnulausra segjast um 37% yngri en 18 ára fara í leikhús þetta oft, en um 38% þeirra sem eldri eru.



Mynd 36. Hlutfall ungmenna sem segjast fara í leikhús einu sinni á ári eða oft.


Á mynd 37 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast fara á söfn einu sinni á ári eða oftár. Um 37% þeirra sem eru yngri en 18 ára og eru aðallega í námi segjast fara á söfn þetta oft en um 32% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem segjast aðallega vera í vinnu, svara 11% af yngri hópnum þessu til en 15% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra segjast 28% þeirra ungmenna sem eru yngri en 18 ára fara á söfn þetta oft en 21% þeirra sem eldri eru.



Mynd 37. Hlutfall ungmenna sem segjast fara á söfn einu sinni á ári eða oftár.


Á mynd 38 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast fara á bar eða skemmtistað, einu sinni í mánuði eða oftar. Um 21% þeirra sem eru yngri en 18 ára og eru aðallega í námi segjast fara á bar eða skemmtistað þetta oft, en um 67% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem segjast aðallega vera í vinnu, svara um 51% þeirra sem yngri eru, en um 59% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra segjast 47% þeirra sem eru yngri en 18 ára fara á bar eða skemmtistað þetta oft, en um 55% þeirra sem eldri eru.

Í rannsókninni Ungt fólk sem gerð var meðal framhaldsskólanema árið 2007 kom fram að um 26% ungmenna yngri en 18 ára segjast fara á bar eða skemmtistað þetta oft og er það aðeins hærra hlutfall en meðal þeirra sem eru aðallega í námi í rannsókninni nú og tilheyra sama aldurshópi. Í hópi þeirra sem voru 18 ára og eldri sögðust um 61% ungmenna í framhaldsskóla fara á bar eða skemmtistað einu í sinni í mánuði eða oftar sem er lægra hlutfall en meðal ungmenna í námi í rannsókninni nú (67%).




Mynd 38. Hlutfall ungmenna sem segjast fara á bar eða skemmtistað einu sinni í mánuði eða oftar.

Á mynd 39 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast fara í ungmennahús (fyrir 16-25 ára) einu sinni í mánuði eða oftar. Um 4% þeirra sem eru yngri en 18 ára og eru aðallega í námi segjast fara í ungmennahús þetta oft en um 2% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem segjast aðallega vera í vinnu, svara um 14% þeirra sem yngri eru því til að fara í ungmennahús þetta oft, en um 2% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra segjast 12% þeirra, sem eru yngri en 18 ára fara í ungmennahús þetta oft en um 7% þeirra sem eldri eru.



Mynd 39. Hlutfall ungmenna sem segjast fara í ungmennahús (fyrir 16 – 25 ára) einu sinni í mánuði eða oftar

Á mynd 40 má sjá hlutfall ungmenna sem segjast fara í bæinn að kvöldi til einu sinni í mánuði eða oftar. Um 38% þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi segjast fara í bæinn að kvöldi til þetta oft, en um 61% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem segjast aðallega vera í vinnu, svara um 60% þeirra sem yngri eru því til að fara í bæinn að kvöldi til þetta oft, en um 62% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra segjast um 65% þeirra, sem eru yngri en 18 ára, fara í bæinn að kvöldi til, þetta oft, en um 64% þeirra sem eldri eru. Einstaklingar sem tilheyra hópnum yngri en 18 ára og eru aðallega í skóla virðast síður en aðrir fara í bæinn að kvöldi til þetta oft (38%), en flestir meðal þeirra sem eru atvinnulausir.




Mynd 40. Hlutfall ungmenna sem segjast fara í bæinn að kvöldi til einu sinni í mánuði eða oftar.

Brottfall úr námi


Á myndum 41 – 49 má sjá niðurstöður úr spurningum tengdum brottfalli úr námi. Ath: Hér eru aðeins skoðaðir þeir einstaklingar, innan aldurshóps, sem einhvern tíma hafa hætt í skóla, en ekki allir þátttakendur.

Á mynd 41 má sjá hlutfall ungmenna eftir aldri, þar sem áhugaleysi skipti mjög eða frekar miklu máli í ákvörðun þeirra um að hætta námi. Eins og myndin sýnir þá svara 69% (9 einst.) þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi þessu til, en um 77% (34 einst.) þeirra sem eru 18 ára og eldri. Af þeim sem eru aðallega í vinnu, þá eru um 75% (36 einst.) yngri en 18 ára, en um 80% (151 einst.) 18 ára og eldri sem segja að áhugaleysi hafi skipt mjög eða frekar miklu máli í þeirra ákvörðunartöku að hætta í skóla. Í hópi atvinnulausra þá svara um 74% (29 einst.) þeirra sem eru yngri en 18 ára þessu til, en um 72% (66 einst.) þeirra sem eru 18 ára og eldri.




Mynd 41. Hlutfall ungmenna sem sagði það að hafa misst áhugann hafa skipt frekar eða mjög miklu máli varðandi ákvörðun um að hætta námi.

Á mynd 42 má sjá hlutfall ungmenna eftir aldri, þar sem það að þurfa að vinna skipti mjög eða frekar miklu máli í ákvörðun þeirra um að hætta í námi. Eins og myndin sýnir þá svara um 15% þeirra sem eru yngri en 18 ára og aðallega í námi, en 41% þeirra sem eru 18 ára og eldri þessu til. Af þeim sem eru aðallega í vinnu, þá svara um 58% þeirra sem eru yngri en 18 ára þessu til, en 53% þeirra sem eru 18 ára og eldri. Meðal atvinnulausra þá eru 46% sem segja, að það að þurfa að vinna, hafi skipt mjög eða frekar miklu máli og er það óháð aldri.




Mynd 42. Hlutfall ungmenna sem sagði það að þurfa að vinna hafa skipt frekar eða mjög miklu máli varðandi ákvörðun um að hætta námi.

Á mynd 43 má sjá hlutfall ungmenna eftir aldri, þar sem það að hafa leiðst í skóla skipti mjög eða frekar miklu máli í ákvörðun þeirra um að hætta í námi. Í hópi þeirra sem eru aðallega í námi, þá segjast 31% þeirra sem eru yngri en 18 ára það hafa skipt mjög eða frekar miklu máli í ákvörðunartökunni, en 55% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem eru aðallega í vinnu, þá svara 52% einstaklinga þessu til, óháð aldri. Í hópi atvinnulausra, þá svara um 64% þeirra sem eru yngri en 18 ára þessu til, en 46% þeirra sem eldri eru.




Mynd 43. Hlutfall ungmenna sem sagði það að hafa leiðst í skóla hafa skipt frekar eða mjög miklu máli varðandi ákvörðun um að hafa hætt í námi.

Á mynd 44 má sjá hlutfall ungmenna eftir aldri, þar sem það að hafa lent í einelti skipti mjög eða frekar miklu máli í ákvörðun þeirra um að hætta í námi. Af þeim sem segjast aðallega vera í námi, þá svara um 23% þeirra sem eru yngri en 18 ára þessu til, en um 5% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem eru aðallega í vinnu, þá gefa um 2% þeirra sem yngri eru, einelti upp sem stóran áhrifaþátt, en um 5% þeirra sem eldri eru. Í hópi atvinnulausra þá svara um 21% þeirra sem eru yngri eru þessu til, en um 12% þeirra sem eru 18 ára og eldri.




Mynd 44. Hlutfall ungmenna sem sagði það að hafa lent í einelti hafa skipt frekar eða mjög miklu máli varðandi ákvörðun um að hætta námi.

Á mynd 45 má sjá hlutfall ungmenna sem segja skort á vasapeningum vera helstu ástæðu þess að þau eru ekki í námi. Eins og myndin sýnir þá svara um 67% þeirra sem eru aðallega í vinnu og eru yngri en 18 ára þessu til, en um 55% þeirra sem eldri eru. Af þeim sem eru atvinnulaus segja um 71% að skortur á vasapeningum sé helsta ástæða þess að þau séu ekki í námi.




Mynd 45. Hlutfall ungmenna sem ekki eru í námi og segja það eiga frekar eða mjög vel við um þau að ástæðan sé að þau vanti vasapeninga (greint eftir því hvort ungmennin eru aðallega í vinnu eða atvinnulaus).

Á mynd 46 má sjá hlutfall ungmenna, sem eru ekki í námi og segja helstu ástæðu þess vera (eiga mjög eða frekar vel við um þau) að þau þurfi að geta séð fyrir sér sjálf. Eins og myndin sýnir þá svara um 75% þeirra sem eru aðallega í vinnu og eru yngri en 18 ára þessu til, en 78% þeirra sem eldri eru. Um 71% þeirra sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus, svara þessu til en um 81% þeirra sem eldri eru.




Mynd 46. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess? Hversu vel (mjög eða frekar vel) á eftirfarandi við um þig: Ég þarf að geta séð fyrir sjálfum/sjálfri mér.

Á mynd 47 má sjá hlutfall ungmenna eftir aldri sem eru ekki í námi og segja helstu ástæðu þess vera (eiga mjög eða frekar vel við um þau) að þau þurfi að aðstoða fjölskylduna við að framfleyta sér. Eins og myndin sýnir þá svara um 33% þeirra sem eru aðallega í vinnu og eru yngri en 18 ára þessu til en 24% þeirra sem eldri eru. Um 41% þeirra sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus svara þessu til en um 32% þeirra sem eldri eru.




Mynd 47. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess? Hversu vel (mjög eða frekar vel) á eftirfarandi við um þig: Ég þarf að aðstoða fjölskylduna við að framfleyta sér.

Á mynd 48 má sjá hlutfall ungmenna eftir aldri sem eru ekki í námi og segja helstu ástæðu þess vera (eiga mjög eða frekar vel við um þau) að þurfi að greiða húsaleigu. Eins og myndin sýnir þá svara um 33% þeirra sem eru aðallega í vinnu og eru yngri en 18 ára þessu til, en 41% þeirra sem eldri eru. Um 31% þeirra sem eru yngri en 18 ára og atvinnulaus svara þessu til en um 52% þeirra sem eldri eru.



Mynd 48. Ef þú ert ekki í námi, hverjar eru helstu ástæður þess? Hversu vel (mjög eða frekar vel) á eftirfarandi við um þig: Ég þarf að greiða húsaleigu.


Á mynd 49 má sjá hlutfall stráka og stelpna sem telja að lesblinda hafi haft mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu þeirra í námi. Um 10% stráka sem eru aðallega í námi telja að lesblinda hafi haft mikil eða mjög mikil áhrif á frammistöðu þeirra í námi en um 17% stelpna. Af þeim sem eru aðallega í vinnu þá svara um 19% stráka þessu til en 21% stelpna. Meðal þeirra sem eru atvinnulaus þá telja um 21% stráka lesblindu hafa haft þetta mikið að segja um frammistöðu í námi en 25% stelpna.



Mynd 49. Hversu mikil áhrif (mikil eða mjög mikil) telur þú eftirfarandi hafa á frammistöðu þína í námi: Lesblinda


Atvinnumarkaðurinn

